

5. fundur Betadeildar starfsárið 2020-2021 – haldinn í austursal Bryggjunnar á Akureyri, 9. mars kl. 19:00

Setning fundar

Hildur formaður setti fundinn og bauð konur velkomnar og ekki síst gest frá Gammadeild, Ingibjörgu Einarsdóttur. Þorgerður kveikti á kertum og Eygló sá um fundarstjórn fyrir hönd undirbúningshóps og fór yfir fyrirhugaða dagskrá fundarins. Hún hvatti konur til að fara að huga að þátttöku í landssambandsþingi 7. og 8. maí, m.a. að gistingu. Ráðgert er að halda aðalfund á föstudagskvöldi og dagskrá þingsins verði að öðru leyti á laugardegi. Eygló minnti einnig á að lokadagur til að sækja um Lucile Cornetet styrk er 1. maí og í námsstyrkjasjóðinn fyrir konur í framhalds- og doktorsnámi er lokadagur 15. mars.

Fundargerð síðasta fundar

Elín las fundargerð síðasta fundar sem var samþykkt.

Erindi frá stjórn

- Hildur tók undir orð Eyglóar varðandi landssambandsþingið og styrkina.
- Hildur þakkaði 5. októbernefninni fyrir þeirra úrræði í tilefni dags kennara. Þar sem ekki var hægt að halda hefðbundið þing í tilefni dagsins var öllum kennurum á landinu send kveðja með myndbandi sem innihélt samræður kennara við börn í leikskólanum Lundarseli um líðan þeirra í covid.
- Óskað er eftir fulltrúum úr öllum deildum í landssambandsstjórn en útlit fyrir að engin úr Betadeild bjóði sig fram að þessu sinni.
- Hildur minnti á forsetabréfið sem er á vef Delta Kappa Gamma. Þar er minnst 10 ára langtímaáætlun fyrir samtökin og óskað eftir athugasemdum frá deildum. Hildur sendi fyrir hönd Beta-deildar athugasemd þess efnis að frekari áhersla væri lögð á að breikka fjölbreytni og margmenningarlega vitund í félagahópnum.

Gestur frá Gammadeild

Eygló fundarstjóri bauð Ingibjörgu Einarsdóttur að ávarpa fundinn. Ingibjörg sagðist vera í sinni árlegu vinnuferð vegna Stóru upplestrarkeppninnar, sem væri hinn árlegi vorboði hér fyrir norðan. Hún sagði frá því að nú væri komið að því að senda barnið úr hreiðrinu og Raddir væru nú að fara að heiman þar sem hún hyggst nú sleppa af þeim hendinni. Hún sagði frá

fundahöldum í Gammadeild þennan veturinn þar sem haldnir hafa verið fimm Zoom fundir og þar hafa mætt að jafnaði 35 konur, Gammasystur ásamt gestum þeirra.

Kvöldverður

Konur gæddu sér á gómsætum réttum og áttu samræður yfir matnum enda orðið tímabært að ná góðu spjalli. Einnig fékk pyngjan góða að fara á milli.

Erindi

Gestur fundarins var Ásthildur Sturludóttir bæjarstjóri Akureyrar. Hún sagði frá leið sinni í bæjarstjóraembætti en það starf hafði lengi átt hug hennar. Einnig ræddi Ásthildur um mikilvægi mennta- og fræðslumála í hverju sveitarfélagi og miklum áskorunum sem ætíð í þeim felast.

Happdrætti

Ingibjörg Einarsdóttir Gammasystir fékk þann heiður að draga vinningshafa í happdrættinu og dró nafn nöfnu sinnar Auðunsdóttur.

Fundarslit

Slökkt var á kertum og fundi slitið kl. 20:50.

Fundargerð ritaði Elín Elísabet Magnúsdóttir